

Endurmenntun í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna I (ILS) og II (ALS) - lenging á líftíma skírteina

Sæl verið þið.

Nú hefur Evrópska endurlífgunarráðið (ERC) tekið upp nýjungar hvað varðar námskeið í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna (gildir ekki um barnanámskeiðin). Nýjungarnar fela í sér að handhafar ILS og ALS skírteina geta framlengt gildistíma skírteina sinna með því að sinna endurmenntun og þurfa því ekki að sækja ný námskeið, svo framarlega sem þeir sinna endurmenntun.

Upprifjunarnámskeið í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna I (ILS) og II (ALS) er í tveimur hlutum, fræðilegum og klínískum. Fyrri hlutinn „sá fræðilegi“ er í formi vefnáms (texti, myndbönd, æfingar) sem tekinn er á námskeiðsvef ERC (CoSy) og lýkur með forprófi. Vefnámið er skilyrði þess að mætt sé á seinni hlutann, „þann verklega“ en hann felur í sér tveggja klukkustunda verklegar æfingar.

Gildistími ERC skírteina hefur verið að breytast á síðustu árum samhliða þessu breytta verklagi. Í dag er gerð krafa um að endurmenntun sé lokið innan þriggja ára frá því að síðast var farið á námskeið en ERC hefur gefið þeim sem eiga eldri skírteini (allt aftur til 2017) tækifæri á að stökkva á þennan vagn.

Það er því mjög mikilvægt að allir handhafar ERC skírteina í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna (ILS og ALS) skoði „heilsufar“ skírteina sinna og sækji endurmenntun áður en þau renna út. Gildistíminn er mis langur eftir því hvenær námskeiðin voru tekin og því best að hver fletti upp sínum skírteinum.

Inni á námskeiðsvefnum (CoSy) undir „skírteinin mín“ er að finna öll þau skírteini sem viðkomandi á í gildi, þar er tiltekin dagsetning síðasta námskeiðs og hvenær þarf að hafa lokið endurmenntun. SAK mun bjóða uppá verklega hluta endurmenntunar a.m.k. tvisvar á ári og oftast ef þarf og viljum við benda þeim sem eiga skírteini sem eru við það að falla úr gildi að skrá sig á endurmenntunarnámskeið (eyrunbth@sak.is). Ath, það þarf að hafa lokið bæði „fræðilegum“ og „verklegum“ hluta endurmenntunar áður en loka dagsetning á skírteininu rennur út og því gott að vera tímanlega í því að skrá sig.

Þeir sem hafa glatað innskráningarupplýsingum sínum á CoSy geta notast við leiðbeiningar hér að neðan.

Ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er óljóst

Með góðri kveðju

Námskeiðsstjórar í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna á SAK


Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir (hrafnhildur@sak.is)

Eyrún Björg Þorfinnsdóttir (eyrunbth@sak.is)

COSY leiðbeiningar

Á námskeiðsvef ERC, CoSy, má nálgast kennslufni námskeiða og allar upplýsingar um skírteini. Hver sá sem lokið hefur námskeiði í endurlífgun hjá ERC á sinn eigin aðgang að námskeiðsvefnum.

Farið er inn á cosy.erc.edu og slegið inn notendanafn (sem er það netfang sem viðkomandi var skráður á námsekiðið með) og lykilorð.




Þeir sem hafa gleymt lykilorði sínu, geta farið beint í „gleymt lykilorð“ (án þess að slá inn netfang). Þar setur þú það netfang sem þú varst skráður/ur með á námskeiðið og biður um nýtt lykilorð. Þá færðu staðfestingarpóst sem þú þarft að fara inn á til að virkja nýja lykilorðið.


Þeir sem ekki komast inn með þessu móti (vita td. ekki hvaða netfang var notað) geta sent fullt nafn og kennitölu á eyrunbth@sak.is eða hrafnhildur@sak.is og við getum fundið út á hvaða netfangi þið voruð skráð inn.

Þegar þið eruð komin inná CoSy getið þið breytt upplýsingum um ykkur inni á „Notendaupplýsingar“ og inná „notendaaðgangur“ getið þið breytt um netfang eða bætt öðru netfangi inn.

Undir flípanum „skírteinin mín“ finnið þið öll skírteini sem þið eigið virk



Hér að neðan má sjá dæmi um skírteini:



Hér má sjá „heilsufar“ skírteinis

Viðkomandi sótti síðast ALS námskeið í febrúar 2019 og þarf að hafa lokið endurmenntun (báðum hlutum) fyrir 13. Febrúar 2023

Athugið einnig að handhafar skírteina hafa aðgang að öllu námsefni á námskeiðsvefnum á meðan skírteinin eru í gildi og því ekkert sem hindrar þá í að fara reglulega yfir námsefnið og sinna þannig stöðugu viðhaldi þekkingar.

Ef frekari upplýsinga er óskað, þá endilega hafið samband

eyrunbth@sak.is hrafnhildur@sak.is